

EFTIRLITSSKÝRSLA

Icelandic Glacier Charr ehf. Ytri Tungu, Kirkjubæjarklaustri



Dags eftirlits	5.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Icelandic Glacier Charr ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Ytri Tungu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700710-0170	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Kristinsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá kröfum í eftirliti komu fram í eftirlitinu. Þrjú eldri frávik eru enn opin og bíða þess að stöðin verði aftur sett í gang. Þau snúa að skriflegum áætlunum sem þurfa að liggja fyrir þegar stöðin fer í gang, mælingum í fráveitu stöðvarinnar þegar stöðin er í rekstri og skráningum á rekstrarþáttum stöðvarinnar sem snúa að umhverfismálum. Skrá skal niðurstöður mælinga, viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði (hreinsibúnaði) í fráveitu, þjónustu við og tæmingu rotþróa og settjarna, o.fl. (sjá starfleyfi)

Fjórar ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Pórarinn Kristinsson frá Icelandic Glacier Charr ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Staða frávik og ábendinga síðustu ára.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
6. Skoðun á búnaði og lóð.

1. Síðasta eftirlit var í ágúst 2018 og þá var enginn fiskur í stöðinni og hafði ekki verið fiskur í stöðinni síðan í ágúst 2017. Enn er enginn fiskur í stöðinni.

Í síðasta eftirliti komu fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fundið var að því að ekki lágu fyrir viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna massadauða í stöðinni. Í bréfi frá 18. október 2018 voru samþykktar úrbætur sem fólust í því að áætlanirnar skyldu liggja fyrir áður en rekstur í stöðinni hæfist á ný. Farið er fram á að tilbúnað áætlanir séu sendar á ust@ust.is áður en rekstur hefst að nýju. Frávikid helst opið þar til úrbótum er lokið.

Eins var skrifað upp frávik vegna urðunar dauðfisks á lóð fyrirtækisins. Síðan þá hafa fiskeifarnar verið grafnar upp og fluttar á urðunarstað sveitarfélagsins á Stjórnarsandi. Staðfesting þar um hefur borist frá starfsmanni urðunarstaðarins. Frávikinu var lokað í bréfi stofnunarinnar frá 18. október 2018 og er engin frekari eftirfylgni vegna þess.

Í eftirliti ársins 2017 voru skráð tvö frávik sem enn eru opin. Snúa þau að þau að því að mælingum í frárennsli stöðvarinnar hefur ekki verið skilað og að skráningar sem krafist er í starfsleyfi hafi ekki verið gerðar. Frávikin eru enn opin og bíða endurofnunar stöðvarinnar. Úrbætur vegna þeirra verða teknar út í næsta eftirliti.

Alls þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi eru því opin.

2. Engir olíugeymar eru á staðnum. Allt vatn er sjálfrennandi og því ekki þörf á vararafstöð.

3. Starfsleyfið er gefið út 7. nóvember 2011 og gildir til 7. nóvember 2023. Huga þarf að umsókn um nýtt starfsleyfi ef fyrirhugað er að halda áfram starfsemi fiskeldisins.

Engin starfsemi hefur verið í stöðinni síðan í ágúst 2017. Úrbætur varðandi gerð áætlana, skráninga og mælinga í fráveitu skulu framkvæmdar þegar og ef stöðin fer aftur í gang. Eins þarf að gera úrbætur í hreinsikerfi í fráveitu áður en stöðin fer aftur í gang.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlita en útkoman úr því stjórnar því hversu oft skal koma í eftirlit í stöðina. Niðurstöður áhættumatsins verða sendar rekstraraðila í kringum næstu áramót.

5. Að sögn rekstraraðila eru fyrirhugaðar breytingar og er líkleg aðkoma nýrra aðila að starfseminni. Engin ákvörðun um þetta hefur þó verið tekin.

Ný borhola á lóðinni gefur 20 °C heitt vatn.

6. Gengið var um stöðina og aðstaða skoðuð. Í efnageymslu er 200 lítra tunna hálf full af formalíni sem rekstraraðili sagði hafa dagað uppi í stöðinni þegar rekstur stöðvaðist en tunnunni yrði komið í spilliefnamóttöku.

Engin lyf voru notuð í rekstrinum, en sápur og sótthreinsandi efni voru notuð til þrifa.

Staðurinn er ágætlega útlítandi en þó er nokkuð af notuðum búnaði og gömlum varahlutum sem mætti fjarlægja. Ljúka þarf tiltekt á lóð.


ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að huga þarf að því að sækja um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstri áfram.
2. Rekstraraðila var bent á að gera úrbætur í hreinsikerfi í fráveitu áður en stöðin fer aftur í gang.
3. Rekstraraðila er bent á að farga formalíntunni í spilliefnamóttöku ef formalínið verður ekki notað.
4. Rekstraraðila var bent á að ljúka tiltekt á lóð fiskeldisstöðvarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2021



Gottskálk Friðgeirsson